

ÁRSFUNDUR FRJÁLSA LÍFEYRISJÓÐSINS
HALDINN MIÐVIKUDAGINN 13. apríl 2011 KL. 17:15
Í HÚSAKYNNUM ARION BANKA BORGARTÚNI 19



Ásgeir Thoroddsen stjórnarformaður Frjálsa lífeyrissjóðsins setti fundinn og bauð sjóðfélaga velkomna. Hann gerði tillögu um að Bjarni Þór Óskarsson hrl. yrði kosinn fundarstjóri og var tillagan samþykkt. Bjarni Þór tók við fundarstjórn og lagði til að Snædís Ögn Flosadóttir yrði fundarritari og var það samþykkt. Fundarstjóri fór yfir ákvæði samþykkta sjóðsins um boðun fundarins, hvernig að henni var staðið og lýsti fundinn lögmætan og til þess bærán að afgreiða dagskrárefni. Í Frjálsa lífeyrissjóðnum eru 40.375 skráðir sjóðfélagar og heildaratkvæðamagn þeirra 90.906 milljónir. Á fundinn var mætt af hálfu 328 sjóðfélaga og farið með 3.386 milljónir atkvæða eða 3,73% heildaratkvæða.

Fundarstjóri lagði til breytingu á boðaðri dagskrá, liðirnir skýrsla stjórnar og kynning ársreiknings yrðu teknir fyrst til afgreiðslu og að því loknu yrði strax gengið til kosningar nýrrar stjórnar. Engar athugasemdir voru gerðar við það. Gengið var til dagskrár og mál afgreidd sem hér segir.

1. Skýrsla stjórnar

Ásgeir Thoroddsen stjórnarformaður sagði að á heildina litið hefði árið 2010 verið gott á fjármálamörkuðum en þróun verðbréfa hefði haft mismunandi áhrif á fjárfestingaleiðir Frjálsa lífeyrissjóðsins vegna ólíkra fjárfestingarstefna. Heilt yfir sagði hann þó ávöxtun vera góða og af þeim samtryggingarlífeyrissjóðum sem birt hefðu ávöxtunartölur fyrir árið 2010 hefði enginn birt hærri ávöxtun en ávöxtun tryggingadeildar Frjálsa.

Á árinu 2010 var Frjálsi lífeyrissjóðurinn valinn besti lífeyrissjóðurinn á Íslandi af fagtímaritinu Investment Pension Europe, annað árið í röð. Í umsögn dómnefndar kom meðal annars fram að lífeyrissjóðnum hefði tekist að vernda hagsmuni sjóðfélaga í erfiðum markaðsaðstæðum og eignastýring sjóðsins hefði gengið vel.

Ásgeir fór yfir fyrirframgreiðslur sjóðsins til sjóðfélaga en 4.500 sjóðfélagar hefðu sótt um útgreiðslu fyrir alls 4 milljarðar króna en sjóðurinn væri vel í stakk búinn til að mæta þessu útflæði.

Ásgeir fór einnig yfir þá þjónustu sem sjóðfélögum stæði til boða og nefndi sérstaklega að ársfjórðungslega birti sjóðurinn á vefsíðu sjóðsins upplýsingar um allar eignir sjóðsins.

Ásgeir ræddi tryggingafræðilega stöðu sjóðsins og benti á það að fyrir ári síðan var það mat stjórnar sjóðsins að skynsamlegt væri að grípa til aðgerða til þess að leita jafnvægis í tryggingafræðilegri stöðu. Þá var samþykkt á ársfundi sjóðsins að lækka mánaðarlega réttindi og lífeyri sjóðfélaga sem næmi mánaðarlegri hækkun verðbólgu en árin 2006 og 2007 var tryggingafræðilega staðan sterk og greiddi sjóðurinn 2,6 milljarða í bónus í séreign sjóðfélaga með flutningi eigna úr samtryggingarsjóði í séreignarsjóð. Fjármálaráðuneytið taldi þessa útfærslu ársfundarins ekki standast lagatúlkun. Stjórn sjóðsins hefði brugðist við með því að ákveða þá útfærslu að lífeyrisréttindi áunnin 2010 og fyrr, og lífeyrir sem byggist á réttindum sem aflað var 2010 og fyrr, yrðu lækkuð um 0,75% mánaðarlega næstu 12 mánuði, eða þar til jafnvægi næðist á milli eigna og áfallinna skuldbindinga sjóðsins, yrði það fyrr. Þessi ákvörðun stjórnar sem væri í samræmi við heimildir í samþykktum sjóðsins yrði skráð sem viðauki við samþykktir sjóðsins.

Þá ræddi Ásgeir tillögur til stjórnarlauna en hún hljóðaði upp á 75 þúsund krónur á mánuði og tvöföld laun til stjórnarformanns, eða sömu laun og þau voru áður en stjórnin tók ákvörðun um að lækka launin um 10% í desember 2008. Jafnframt legði stjórnin til að laun varamanna fyrir hvern setinn fund yrðu helmingur af mánaðarlaunum aðalmanna en árslaun þó að lágmarki tvöföld mánaðarlaun aðalmanna. Ástæðan væru sú að varamenn jafnt sem aðalmenn í stjórn þyrftu að skila inn ítarlegum gögnum til FME og gætu þurft að gangast undir hæfismat FME sem tæki tíma og undirbúning.

Jafnframt fór Ásgeir yfir skýrslu frá KPMG sem nú lægi fyrir og stjórnin ynni nú að yfirferð á. Hann ítrekaði þó að ekki lægi mikið á um ákvörðun framtíðarstaðsetningar sjóðsins þar sem að ávöxtun hans hjá núverandi rekstraraðila væri með því besta sem gerðist hjá lífeyrissjóðum og sjóðurinn á góðri siglingu. Að lokum þakkaði Ásgeir meðstjórnarmönnum sínum gott samstarf og því starfsfólki sem kæmi að rekstri sjóðsins. Þá þakkaði hann Arnaldi Loftssyni sérstaklega fyrir sín störf sem og Marinó Tryggvasyni og ítrekaði að stjórnin bæri mikið traust til þeirra og allra starfsmanna sem að rekstri sjóðsins kæmu.

2. Kynning ársreiknings

Arnaldur Loftsson framkvæmdastjóri Frjálsa lífeyrissjóðsins fór yfir breytingar á hreinni eign, efnahagsreikning, sjóðstreymi og helstu liði í skýringum.

Í máli Arnaldar kom m.a. fram að **iðgjöld** ársins hefðu numið alls 5,8 milljörðum sem væri sambærilegt við iðgjöldin sem bárust 2009. Endurgreiðslur til erlendra ríkisborgara og nettó flutningar til sjóðsins námu alls 173 milljónum króna sem væri mikill viðsnúningur frá fyrra ári þegar meira var flutt frá sjóðnum en til hans. Fjárfestingatekjur voru 7 milljarðar, fjárfestingagjöld 260 milljónir og hækkuðu um 52% milli ára, ástæðan væri sú að gjöldin árið áður voru óvenju lág

vegna endurgreiðslu sem sjóðurinn fékk á áður ofgreiddum gjöldum. **Hrein eign** í árslok var 87 milljarðar. Hækkun á hreinni eign sjóðsins nam um 10 milljörðum kr. og hrein eign frá fyrra ári var 76,8 milljarðar. Stækkaði sjóðurinn því um 13,3% á árinu. Lífeyrisgreiðslur voru um 2,5 milljarðar og lækkuðu því milli ára. Sundurliðun á greiddum lífeyri voru á þann veg að ellilífeyrir og fyrirframgreiðsla séreignar væru stærstu liðirnir. Aðrar greiðslur voru aðallega til komnar vegna greiðslna við fráfali til maka og barna.

Þá fór Arnaldur yfir þróun á stærð Frjálsa lífeyrissjóðsins, helstu atriði efnahagsreiknings og sjóðsstreymis, Arnaldur sagði frá því að hluti af heildarskuldum sjóðsins væri 1.700 milljóna króna skuldbinding vegna gjaldmiðlasamninga sem sjóðurinn skuldaði gamla Kaupþingi að teknu tilliti til skuldajöfnunar. Sjóðurinn ætti skuldabréf á gamla Kaupþing sem gert væri ráð fyrir að hægt væri að skuldajafna og draga frá skuldinni. Enn væri þó uppi ágreiningar um uppgjörsgengi þessara samninga en í bókum sjóðsins væri gætt varúðar og samningarnir gerðir upp á gjalddaga þeirra. Slitastjórn hefði hafnað hluta af skuldajöfnunarkröfu sjóðsins og því hefði skuld sjóðsins skv. bókum hans hækkað um 568 milljónir en það mál myndi líklegast fara fyrir dómstóla. Ef samningar yrðu gerðir upp á genginu 175, líkt og Landssamtök lífeyrissjóða hefðu farið fram á f.h. aðildarsjóða sinna, þá væri skuld sjóðsins við bankann engin, en við útreikninga væri gætt varúðar með því að gera ráð fyrir verstu mögulegu útkomu. Þróun á stærð sjóðsins hefði verið í þá átt að samfelldur vöxtur hefði verið og skýrðist vöxturinn af iðgjöldum, ávöxtun, flutningum séreignar til sjóðsins og svo að lokum sameiningum við aðra lífeyrissjóði. Sjóðurinn hefði nú stækkað um 28% frá bankahrúni. Sem hlutfall af lífeyriskerfinu í heild væri Frjálsi lífeyrissjóðurinn 1,5% árið 2000 en væri nú í lok árs 2010 4,5%. Þessi breyting sýndi að sjóðurinn hefði stækkað umfram lífeyriskerfið í heild. Sjóðfélagalán væru aðeins um 1,4% af heildareignum sjóðsins. Að endingu sagði Arnaldur frá ánægjulegri þróun í aukningu sjóðfélaga, nú þegar á árinu 2011 hefðu um 709 nýir sjóðfélagar hafið greiðslu í sjóðinn.

Marínó Örn Tryggvason forstöðumaður Eignastýringar fagfjárfesta hjá Arion banka fór yfir þróun verðbréfamarkaða, ávöxtun og fjárfestingar sjóðsins. Í máli hans kom fram að verðbólga hefði lækkaði mjög mikið og verðbólguþéttun SÍ náðist á árinu. Innlend hlutabréf hækkuðu um 15% á árinu, en eign í innlendum hlutabréfum væri aftur á móti mjög lítil. Krónan styrktist á árinu svo þrátt fyrir það að ávöxtun á erlendum mörkuðum hefði verið ágæt þá eyddi styrking krónunnar þeirri ávöxtun út. Varðandi niðurfærslur á bréfum þá er nú fyrsta árið frá hrúni þar sem að ekki væri farið í frekari niðurfærslur og útlit væri fyrir að niðurfærslur myndu frekar hafa jákvæð áhrif á ávöxtun sjóðsins.

Nafnávöxtun ársins 2010 var 8,1% hjá Frjálsa 1 (raunávöxtun 5,4%), 9,4% hjá Frjálsa 2 (raunávöxtun 6,6%), 8,8% hjá Frjálsa 3 (raunávöxtun 6,1%), 10,3% hjá Frjálsa Áhættu

(raunávöxtun 7,5%) og 7,8% hjá Tryggingadeild sjóðsins (raunávöxtun 5,0%). Þess bæri að geta að skuldabréf í Tryggingadeild væru gerð upp á kaupkröfu en á markaðskröfu í séreignardeild og væru ávöxtunartölur því ekki samanburðarhæfar milli tryggingardeildar og séreignadeilda.

Meðalraunávöxtun á tímabilinu 1990-2010 var 4,5% hjá Frjálsa 1, meðalraunávöxtun á tímabilinu 2002-2010 var 3,8% hjá Frjálsa 2, meðalraunávöxtun á tímabilinu 2002-2010 var 4,9% hjá Frjálsa 3 og meðalraunávöxtun á tímabilinu 2002-2010 var 1,4% hjá Tryggingadeild sjóðsins.

5 ára nafnávöxtun var 7,3% hjá Frjálsa 1, 9,4% hjá Frjálsa 2, 12,4% hjá Frjálsa 3 og 6,0% hjá Tryggingadeild sjóðsins.

Þá fór Marinó yfir eignasamsetningu hvernar leiðar fyrir sig og benti hann á að ársfjórðungslega væri eignasamsetning allra leiða uppfærð á vefsíðu sjóðsins frjalsilif.is þar sem öll verðbréf sjóðsins væru sundurliðuð.

Marinó sagði Frjálsa lífeyrissjóðinn um langan tíma hafa verið borinn saman við Almenna lífeyrissjóðinn og Íslenska lífeyrissjóðinn. Útkoma ársins 2010 væri samkeppnishæf og þegar borin væri saman ávöxtun þessara þriggja sjóða á ársgrundvelli til 5 ára væri Frjálsi lífeyrissjóðurinn hins vegar að koma best út í öllum fjárfestingarleiðum. Er kæmi að samanburði við aðrar tryggingadeildir þá hefðu flestir af stærstu lífeyrissjóðum landsins birt ávöxtun fyrir árið 2010 og væri Frjálsi lífeyrissjóðurinn með hæstu ávöxtun í þeim hópi.

Að lokum fór Marinó nokkrum orðum um árangur sjóðsins það sem af væri af árinu 2011. Haldið hefði verið fast við þá stefnu að kaupa verðtryggð skuldabréf, einkum ríkisskuldabréf. Ávöxtun ársins hafi farið vel af stað og stefndi því í ágætis ár.

Umræður

Eftir kynningu Arnaldar og Marinós var opnað fyrir umræður um fyrstu tvo dagskrárliðina. Nokkrir sjóðfélagar lögðu fram fyrirspurnir og Arnaldur og Marinó svöruðu fyrir hönd sjóðsins.

Jón Guðmundsson spurði hvers vegna skuldabréf í bönkunum væru ekki bara seld, og ávöxtun færð upp í samræmi við það verð sem fengist fyrir þau? Hann benti jafnframt á það að hann hefði spurt að þessu á síðasta ársfundi og nú hefðu þau verið færð svolítið upp síðan þá.

Svar Marinós: Marinó sagði að bréfin hefðu verið metin á 1% en nú á 5-10%. Sjóðurinn hefði nú selt svo gott sem öll bréf Glitnis, en sjóðurinn ætti sama sem ekkert af bréfum Landsbankans. Megnið af þeim bréfum sem sjóðurinn ætti á Kaupþing yrðu hins vegar nýtt til skuldajöfnunar

vegna gjaldmiðlasamninga. Eitthvað af þeim væru þó ekki hæf til skuldajöfnunar vegna forms og laga um skuldajöfnun og bjóst hann við að búið yrði að selja þau fyrir næsta ársfund. Sala á bréfum Straums og Bakkavarar væru einnig í skoðun.

Óttar Yngvason Lýsti ánægju sinni yfir því að breytt hefði verið til í dagskrá í samræmi við ábendingar frá síðasta ársfundi. Sjóðfélagar stæðu nú frammi fyrir niðurstöðu síðasta árs sem væri mjög viðunandi eftir mörg erfið ár og bæri að þakka þann árangur sem væri mjög viðunandi og meira að segja ágætur í stöðunni. Reyndar væru þessi ummæli með fyrirvara um það að tölur í reikningum sjóðsins væru áreiðanlegar og tryggar. En það hefði nú brugðið við að þó reikningar væru endurskoðaðir af bestu vitund þá hefði það ekki alltaf haldið. Sjóðfélagar mættu vel una við þessa stöðu. Hann sagðist undanfarin ár hafa haft horn í síðu rekstrarins og skipulagsins sem enn væri óviðunandi, þá teldi hann þó skylt að lýsa skoðun sinni á síðasta ári sem væri prýðileg. Óttar lagði þá til að þátttaka í IPE keppninni verði aflögð á næstunni. Að hans mati væri þar aðeins um að ræða sjálfshól og óparfi að kosta miklu upp á það, þó ekki væri það mikið, ættum að láta rekstrarárangurinn nægja okkur.

Óttar vildi jafnframt koma á framfæri stuðningi við tillögu um breytingu á samþykktum sem hefði komið fram, hann teldi þó reyndar ekki gengið alla leið með þessa tillögu en gæti sætt sig við hana sem millilendingu og lýsti eindregnum stuðningi við tillöguna.

Helgi Sigurðsson mælti gegn þeirri tillögu sem lögð hefði verið fram til breytinga á samþykktum. Hann gerði ekki athugasemdir við það hvort stjórnarmenn væru fimm eða sjö. Benti á hve miklu máli það skipti að það væri festa í umgjörð sjóðsins. Það væri ljóst að árangurinn væri góður og skipulag sjóðsins hefði áhrif þar á. Það væri hvorki staður né stund nú að gera breytingu. Helgi benti á það að þeir sjóðir sem störfuðu eftir því skipulagi sem hér væri lagt til með breytingum á samþykktum sjóðsins, eyddu miklum tíma og fyrirhöfn í slíkt og árangur þeirra hefði ekki verið góður. Rekstraáhættan væri alltaf mesta áhætta sjóðsins og það væri mikil vinna að færa sjóð eitthvert annað. Eins lýsti hann sig ósammála því að lýta eigi á eigandann sem mótaðila sem stöðugt væri að reyna að klekkja á sjóðfélögum. Hann sagði að sjóðfélagar ættu að gera sanngjarnar kröfur á eiganda sjóðsins og ef þeim væri ekki mætt þá ætti sjóðurinn að fara annað. En þetta þyrftu að vera réttmætar kröfur.

Sú gagnrýni sem hefði komið fram á sjóðinn hefði snúið að arðsemi sjóðsins og að hún hefði ekki verið jafn há og arðsemi eigandans. Starfsmenn sjóðsins bentu á það að þeir hefðu ekki heimild né áhuga á því að beita sömu fjárfestingum og eigandinn. Staðreyndin væri sú að sjóðurinn kæmi afar vel út á erfiðum tímum. Klárlega hefði eigandi sjóðsins virt sjálfstæði sjóðsins hér. Helgi lýsti

sig tilbúin til að styðja allar tillögur um að veita eigendum aðhald. Staðreyndin væri hins vegar sú að sjóðurinn hefði ekki notið annars en góðs af sínum eiganda.

Ársreikningur var samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

3. Kosning stjórnar og varamanna

Gengið til kosninga tveggja stjórnarmanna til næstu tveggja ára í framboði voru: Ásdís Eva Hannesdóttir, Guðmundur Árnason, Haukur F. Leósson, Magnús Ragnar Guðmundsson og Magnús Pálmi Skúlason. Frambjóðendur höfðu stutta framsögn:

Ásdís Eva Hannesdóttir sagðist hafa verið sjóðfélagi frá 1995, fyrst með séreign í Einingu. Kom fyrst í stjórn Einingar sem varamaður árið 2001. Eftir sameiningu kosin í stjórn sjóðsins og hefði setið í stjórn í 2 ár. Væri formaður Norræna félagsins.

Lífeyrismál hefðu alla tíð verið sér mjög hugleikin þar sem oft á tíðum lítið væri spurt á meðan verið er að greiða inn en eftir á koma upp spurningar sem hefði átt að spyrja fyrr. Lífeyris-sparnaður væri eins og komið hefði fram langhlaup og þyrfti sífellt að hafa það markmið í forgrunni.

Haukur F. Leósson sagðist fyrst hafa komið nálægt sjóðnum 2003 sem varamaður og í janúar 2007 hefði hann komið inn í stjórn sem aðalmaður. Hann hefði verið formaður endurskoðunarnefndar síðan og væri enn og hefði átt mjög gott samstarf við innri og ytri endurskoðendur og teldi sig vera mjög vel inni í málum sjóðsins. Vildi gjarnan bjóða fram krafta sína áfram í þágu sjóðsins.

Magnús Ragnar Guðmundsson sagði að ástæða þess að hann biði sig fram vera að hann teldi að það þyrfti að vera virkt aðhald í stjórn sjóðsins, hann teldi sig uppfylla þessar kröfur mjög vel. Hann væri ekki tengdur rekstraraðila sjóðsins, hefði reynslu af rekstri fyrirtækja og hefði starfað við fjármálaráðgjöf. Þá teldi hann einnig að hann uppfyllti allar þær kröfur sem gerðar væru til stjórnarmanna. Jafnframt vildi hann stuðla að frekari þróun og stefnumótun sjóðsins til framtíðar.

Magnús Pálmi Skúlason sagðist hafa verið í stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands 2007-2009 en sjóðurinn væri eini lífeyrissjóðurinn á Íslandi sem væri með jákvæða tryggingafræðilega stöðu eftir bankahrún. Hann sagðist hafa meðal annars komið að mikilli endurskipulagningu á þeim sjóði, þar á meðal heildarendurskoðun á ferlum og fjárfestingum sjóðsins. Hann væri í dag starfandi lögmaður og teldi að þekking sín á lífeyrissjóðum og ferlum þeirra kæmi að góðu gagni hér.

Guðmundur Árnason sagðist hafa starfað við rekstur undanfarin 30 ár. Hann sagði að sjóðfélagar ættu að vera tilbúnir til að taka á sig ábyrgð og skyldur líkt og að vera tilbúnir til að veita aðhald með gagnrýni. Því kysi hann að bjóða mig fram til setu í stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins.

Tekið var fram að það að kjósa einungis einn stjórnarmann gæfi ekki meira vægi atkvæðis.

Framboð í varastjórn (sjálfkjörið)

1. Bjarni Kristjánsson – 1. varamaður
2. Guðmundur Freyr Sveinsson – 2. varamaður

Gengið var til kosninga

4. Tryggingafræðileg athugun

Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur sjóðsins kynnti niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar 31.12.2010. Áunnin staða væri -17,8%, framtíðarstaða væri 1,5% og heildarstaða væri -6,9%. Útreikningur væri miðaður við núverandi sjóðfélaga og mikilvægustu forsendurnar væru vaxtaforsenda, lífslíkur, örorkulíkur svo og hjúskapur og barneignalíkur. Mælt væri fyrir um það í lögum hvernig staðið skuli að þessu mati, þó væri heimild til að víkja aðeins frá matinu og væri Frjálsi lífeyrissjóðurinn til dæmis að nota um 60% af meðaltalsmati örorku þar sem að Örorkutíðni sjóðsins væri mjög lág. Þá fór Bjarni yfir áætlaðar greiðslur á tímabilinu 2011-2090 þ.e. iðgjaldagreiðslur vs. útgreiðslur elli-, örorku-, maka- og barnalífeyris.

Þá fór Bjarni yfir heildarstöðu sjóðsins miðað við fyrri ár, staða sjóðsins batnaði á árinu og fór úr -8,08% í -6,9% og áfallin staða fór úr -21,7% í -17,8%. Ástæðan fyrir betri stöðu voru einkum hagstæðar langtímafjárfestingar sjóðsins á árinu. Staðan væri þannig að sjóðnum væri ekki skylt að grípa til ráðstafana, en það væri þó svo að mismunurinn á áföllnu stöðunni gæfi stjórninni heimild til að grípa til ráðstafana og ólíklegt yrði að teljast að staða sjóðsins nái jafnvægi án niðurfærslu réttinda. Nú lægi fyrir ákvörðun stjórnar um að færa niður réttindin 0,75% mánaðarlega í 12 mánuði. Þetta teldi Bjarni vera hárrétta ákvörðun í þeirri stöðu sem væri nú komin.

Þá var gefið rúm fyrir fyrirspurnir, engar fyrirspurnir komu fram.

5. Fjárfestingarstefna sjóðsins

Marinó Örn Tryggvason forstöðumaður Eignastýringar fagfjárfesta hjá Arion banka fór yfir fjárfestingarstefnu sjóðsins vegna ársins 2011. Fjárfestingarstefna væri ákveðin af stjórn sjóðsins og skv. 36. gr. laga nr. 129/1997 þyrfti hún að vera tilbúin fyrir 1. desember ár hvert.

Sjóðfélagar gætu sjálfir valið sér fjárfestingarstefnur í séreignarsparnaði.

Marinó lagði áherslu á að séreignardeildir væru með ávöxtunarmarkmið, sjóðfélagi hefði valfrelsi sem fælist í því að hann gæti valið sér fjárfestingarleið og þar með áhættustig. Eignastýring eigi svo að leitast við að ná sem bestri ávöxtun m.v. þá áhættu sem fælist í fjárfestingarstefnu hverrar fjárfestingarleiðar. Tryggingadeild væri aftur á móti með réttindamarkmið þ.e. markmið um að eignir nái að halda í við skuldbindingar.

Þá fór Marinó yfir breytingar á fjárfestingarstefnum fyrir árið 2011, fyrir hverja deild fyrir sig.

Engin breyting væri gerð á stefnum Frjálsa Áhættu, Frjálsa 1 eða Frjálsa 3. Í stefnu Frjálsa 2 væri gerð sú breyting að hlutabréf væru lækkuð úr 10% í 8% og sérhæfðar fjárfestingar hækkaðar á móti. Í stefnu Tryggingadeildar væri breytingin sú að heimildir til kaupa í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga og fjármálastofnana væru lækkaðar en sérhæfðar fjárfestingar hækkaðar á móti.

Þá var gefið rúm fyrir fyrirspurnir, engar fyrirspurnir komu fram.

6. Kjör endurskoðanda

Deloitte var kosið að nýju endurskoðandi sjóðsins.

7. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins

Tillaga Jóns G Guðbjarnarsonar um breytingar á samþykktum sjóðsins tekin fyrir:

Grein 4.1 hljóði svo:

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm sjóðfélögum kjörnum á ársfundi sjóðfélaga til tveggja ára í senn. Skulu þrír kjörnir það ár sem ártal er oddatala en tveir hitt árið. Með sama hætti skal kjósa þrjá varamenn; tvo það ár sem ártal er oddatala en einn hitt árið. Heimilt er starfsmönnum Arion banka að tilnefna, úr sínum hópi, einn af þremur til kjörs það ár sem kosið er um þrjá aðalmenn enda uppfylli sá sem tilnefndur er allar hæfiskröfur til stjórnarsetu sem samþykktir þessar kveða á um og telst þá sjálfkjörinn.

Breytingar þessar taka gildi frá og með ársfundi 2012.

Ákvæði til bráðabirgða: Á ársfundi 2012 verði kosnir tveir aðalmenn og einn varamaður til tveggja ára og þrír aðalmenn og tveir varamenn til eins árs. Jafnframt falli úr gildi eldri umboð til stjórnarsetu

Jón bar tillöguna fram, sagði að í sjálfu sér væri kannski ekki þörf á því að setja hér langa ræðu, tillagan væri búin að liggja frammi í tvær vikur ásamt greinagerð og ekki miklu við hana að bæta. Hann vildi þó fremur segja það að tillagan beindist ekki gegn sitjandi stjórn eða einstökum stjórnarmönnum og eins væri hann ekki með neinar meiningar um það að fulltrúar bankans í stjórninni hefðu ekki verið trúir þeirri ábyrgð sem þeim hefði verið falin í gegn um tíðina. Jón ítrekaði það að hann flytti tillöguna ekki á gagnrýnum nótum því hann teldi sjóðinn mjög vel rekinn og stjórnin hefði staðið sig vel á ekki auðveldum tímum. Ekki yrði stjórnin heldur sökuð um það að vera gírug í sínum kröfum til þóknunar. Það sem Jón vill fyrst og fremst fá breytt með þessari tillögu væri formið sjálft, það er að rekstraraðili geti handvalið inn fulltrúa í stjórnina. Tillagan snérist fyrst og fremst um lýðræðislegt val til stjórnar. Til viðbótar taldi hann þá að vel megi komast af með fimm stjórnarmenn í stað sjö líkt og nú er.

Ásgeir Thoroddsen sagði að í raun setti þessi tillaga hann í nokkurn vanda þar sem hann væri sammála henni að mörgu leyti og teldi hann jafnframt að full ástæða sé til þess að skoða það hvort það bæri að fækka í stjórninni. Vandinn væri hins vegar sá að tímasetningin á þessum breytingum væri afleitt að hans mati. Sjóðurinn væri á þessu stigi, eins og kom fram, að fara í viðræður við bankann og fyndist Ásgeiri þetta koma eins og blaut tuska í andlit bankans rétt fyrir viðræður. Hann vildi því síður hreyfa við samþykktum að svo stöddu. Lagði því til að tillagan yrði felld.

Stefán Pálsson vildi þakka sjóðnum fyrir mjög góða ávöxtun á undaförnum árum og í gegn um þessa miklu kreppu sem gengið hefði yfir okkar þjóðlíf. Tók hann undir með formanni stjórnar að þessi tillaga kæmi ekki á heppilegum tíma og ekki bæri að hrófla við þessu nú. Stefán taldi að við ættum að horfa til þeirra góðu stjórnar og góðu ávöxtunar sem sjóðurinn hefði notið og teldi því að ekki bæri að samþykkja þessa tillögu að svo stöddu.

Fundarstjóri tók fram að 2/3 hluta greiddra atkvæða þyrfti til að samþykkja breytingu á samþykktum sjóðsins, að því loknu færi breytingin til ráðuneytis til samþykktar. Fundarstjóri stakk upp því við fundinn að reyna handauppréttingu en úr sal kom krafa um að skrifleg atkvæðagreiðsla færi fram. Gert var örstutt hlé á meðan atkvæðagreiðsla fór fram.

8. Laun stjórnarmanna

Stjórn sjóðsins lagði til að mánaðarlaun stjórnarmanna yrðu 75 þúsund krónur og laun formanns tvöfalt þau laun.

Jafnframt var lagt til að varamenn fengju helming mánaðarlauna stjórnarmanna fyrir hvern setinn fund en að árslaun yrðu að lágmarki tvöföld mánaðarlaun aðalmanna.

Engar móttillögur bárust og taldist tillaga stjórnar því samþykkt.

9. Önnur mál

Sjóðfélögum var boðið að tjá sig undir liðnum önnur mál – Enginn vildi tjá sig og var þá gert hlé á fundi á meðan beðið var eftir niðurstöðu úr atkvæðatalningu.

Niðurstöður í stjórnarkjöri:

Ásdís Eva (2.040.609.285 atkvæði)

Magnús Pálmi (1.778.904.132 atkvæði)

Haukur (1.003.246.105 atkvæði)

Guðmundur Leósson (175.824.496 atkvæði)

Magnús Ragnar (165.595.834 atkvæði)

Auðir og ógildir seðlar voru: 11.876.791

Ásdís Eva og Magnús Pálmi voru því réttkjörin stjórnarmenn sjóðsins til næstu tveggja ára.

Niðurstöður kosninga um tillögu Jóns G. Guðbjarnarsonar:

Samtals atkvæðafjöldi: 2.732.824.625

Já sögðu 240.088.825 (8,79%) og tillagan taldist því vera fallin.

Nei sögðu 2.401.447.878

Auðir og ógildir seðlar voru : 91.287.922

Fleira var ekki fyrir tekið þar sem dagskrá fundarins var tæmd. Fundarstjóri fékk heimild til að ganga frá fundargerð ásamt fundarritara og boðaði að hún yrði sjóðfélögum aðgengileg á vefsíðu sjóðsins frjalsilif.is innan 14 virkra daga. Fundarstjóri þakkaði framsögumönnum fyrir þeirra framlag til fundarins og fundarmönnum samstarf við fundarstjóra um afgreiðslu dagskrármála. Sleit að svo búnu fundi um kl. 19:58.



Bjarni Þór Óskarsson
fundarstjóri



Snædís Ögn Flosadóttir
fundarritari